Jóhanna Guðnadóttir (1925-2005) og Garðar Hvítfeld Jóhannesson (1924-1992), bændur, Nesi

2025/21

Jóhanna Guðnadóttir fæddist 1. júní 1925 í Hlíð í Hrunamannahreppi. Foreldrar hennar voru Kristín Jónsdóttir frá Dynjanda í Arnarfirði f. 2.4.1892, d. 3.6.1988 og Guðni Jónsson frá Auðsholti í Biskupstungum f. 20.4.1895, d. 7.11.1982. Jóhanna átti 6 systkini.

Garðar Hvítfeld f. 19. júlí 1924 á Nesi í Saurbæjarhreppi. Foreldrar hans voru Margrét Björnsdóttir f. 28.11.1882, d. 9.7.1967 og Jóhannes Friðriksson f. 22.2.1887, d. 2.2.1956. Garðar átti eina hálfsystur.

Vorið 1956 kom Jóhanna sem kaupakona að Nesi þar sem Garðar hafði tekið við búi foreldara sinna. Jóhanna ílengdist þar og giftist Garðari 5. júlí 1958.
Hjónin eignuðust einn son sem lést sólarhring síðar. Fyrir hjónaband hennar og Garðars átti Jóhanna tvær dætur.

Jóhanna og Garðar bjuggu í Nesi til 1978 þegar þau hættu búskap og fluttu til Reykjavíkur. Árið 1983 fluttu þau frá Reykjavík til Akureyrar.

Garðar dvaldist seinustu mánuði ævi sinnar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og lést þar 2. október 1992.

Eftir að Garðar lést bjó Jóhanna í Reykjavík. Hún lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 24. júlí 2005, jarðförin hennar fór fram frá Höfðakapellu á Akureyri 8. ágúst 2005.

Afhendingin barst frá Lilju Ólafsdóttur og er eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
15. ágúst 2025

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A-Jóhanna Guðnadóttir og Garðar				
A-Jóhanna Guðnadóttir og Garðar Hvítfeld			**1921 - 2025**	
A	1	1	1921 - 1921	Minningartafla um Harald Hvítfeld Sölvason.
A	1	2	2025 - 2025	Fylgiskjal með afhendingu: Vegna minningartöflu um Harald Hvítfeld Sölvason ásamt hreinrituðu minningarljóði um Harald, sem ritað er á töfluna. Ljósmyndir af Haraldi og móður hans Margréti Björnsdóttur f: 28. nóvember 1882 d: 9. júlí 1967.